



# Útfærsla A

## Burðarlag á alla vegi



Burðarlag verði sett ofan á alla nýja vegi í því sem næst rétta hæð en beðið verði með allt malbik.

Til athugunar:

Aðkoma að Þingborg og leikskóla verður um malarveg sem er afturför frá því sem nú er.

Á byggingatíma verður mest álag að gatnamótum Þingmóa gatnanna og búst má við töluverðu álagi á veginn.

Við vegheflun, viðhald og snjómokstur vega verða fráveitubrunnar og niðurfallsstútar í nokkurri hættu enda í götustæðinu.

Búast má við talsverðum kostnaði, á að gisk 2-2,5milljón á ári í rykbindingu, vegheflun, ofaníburð og viðhald vega.

Áætlaður framkvæmdakostnaður:  
4.500.000,-

# Útfærsla B

## Burðarlag á alla vegi, malbik næst Þingborg



Burðarlag verði sett ofan á alla nýja vegi í því sem næst rétta hæð og malbikað næst Þingborg, sjá dökkgrátt á mynd

Til athugunar:

Álag á vegi minnkar til muna enda mest dagleg umferð til og frá leikskóla og Þingborg.

Á byggingatíma verður þó mikil þungaumferð að gatnamótum Þingmóa gatnanna og búast má við töluverðu álagi á veginn og þar með viðhaldsþörf.

Við vegheflun, snjómokstur og viðhald vega verða fráveitubrunnar og niðurfallsstútar í nokkurri hættu enda í götustæðinu.

Búast má við talsverðum kostnaði, á að giska 1,5-2milljón á ári í rykbindingu, vegheflun, ofaníburð og viðhald vega.

Áætlaður framkvæmdarkostnaður:  
12.500.000,-

# Útfærsla C

## Burðarlag á alla vegi, malbik að gatnamótum Þingmóa



Burðarlag verði sett ofan á alla nýja vegi í því sem næst rétta hæð og malbikað að gatnamótum Þingmóa gatna, sjá dökk grá svæðið á mynd.

Til athugunar:

Viðhald vega minnkar til muna enda mest dagleg umferð til og frá leikskóla að Þingborg og þungaumferð að gatnamótum Þingmóaveganna á byggingatíma.

Við vegheflun, snjómokstur og viðhald vega verða fráveitubrunnar og niðurfallsstútar í Þingmóa í nokkurri hættu enda í götustæðinu.

Búast má við talsverðum kostnaði, á að giska 0,5-1milljón á ári í rykbindingu, vegheflun, ofaníburð og viðhald vega.

Áætlaður framkvæmdakostnaður:  
18.100.000,-

# Útfærsla D

## Allar götur malbikaðar



Burðarlag verði sett ofan á alla nýja vegi í því sem næst rétta hæð og allar götur malbikaðar. Gangstígar og kantsteinar bíða þar til byggingaframkvæmdir á lóðum eru langt komnar. Gangstígar bíða hugsanlega eftir næsta áfanga uppbyggingar.

Til athugunar:

Tímabundið viðhald vega er úr sögunni.

Færa má rök fyrir því að kantsteinar og gangstígar skemmist hugsanlega á byggingatíma húsa, þegar þungavinnutæki keyra yfir þessi mannvirki.

Einkum á þetta við þar sem gangstígar taka ekki við af kantsteinum (sjá græna línu á mynd). Því sé það hugsanlega klógt að bíða með frágang á gangstígum og kantsteinum. Eins eru þó rök fyrir því að það sé bragur af því að ljúka öllum framkvæmdum við vegi og gangstíga.

Áætlaður framkvæmdakostnaður:  
26.500.000,-

# Útfærsla E

## Fullnaðarfrágangur gatna og gangstíga við götu



Burðarlag verði sett ofan á alla nýja vegi í því sem næst rétta hæð og allar götur malbikaðar. Allir kantsteinar steiptir ofan á malbik, burðarlag sett í göngustíga og þeir malbikaðir.

Til athugunar:

Tímabundið viðhald vega er úr sögunni.

Svæðið er fullfrágengið en ekki verður litið fram hjá því að hugsagnlega þarf að bregðast við skemmdum á kantsteinum og broti úr köntum gangstíga á uppbyggingatíma hverfisins vegna þungavinnuvéla.

Eingöngu er átt við göngustíga við götu ekki aðra göngustíga í nágrenninu.

Áætlaður framkvæmdakostnaður:  
33.500.000,-